



Hafnarfirð 31.12.09

Ársskýrsla SÍH fyrir árið 2009

Stjórnarstarf

Formaður félagsins Ástþór Helgason sagði af sér rétt fyrir aðalfund eftir eins árs setu í stól formanns. Í hans stað var Ferdinand Hansen kosinn formaður til eins árs. Einnig var kosinn nýr gjaldkeri Rebekka Stefánsdóttir í stað Jóhönnu Tryggvadóttir og þakkar stjórnin Jóhönnu fyrir vel unnin störf.

Daglegur rekstur

Rekstur félagsins var með svipuðu sniði og áður. Bókhald var uppfært mánaðarlega og lagt fyrir stjórn. Félagatal, árangur keppnismanna, uppfærsla á forgjöf og árangurstengdir styrkir var uppfært reglulega í gagnagrunn félagsins.

Félagsfundir

Enginn formlegur félagsfundur utan aðalfundar var haldinn á árinu.

Byrjendanámskeið

Eitt byrjendanámskeið var haldið á árinu 2009 og var þátttaka ágæt. Að venju var skráning í félagið og árgjaldið það ár innifalið í 7.000 kr. Þátttökugjaldi sem leiðir til þess að þátttakendur mæta frekar á almennar æfingar að námskeiði loknu.

Kvennaæfingar

Mikil gróska var í kvennastarfi félagsins og mætti fjöldi kvenna á vikulegar æfingar sem voru skipulagðar eingöngu fyrir kvenfólk félagsins. Þessum æfingum var haldið úti langt fram á haust með skipulögðu sniði og síðan eftir því sem veður leyfði til áramóta. Stjórn félagsins saknar þess þó að sjá ekki fleiri konur taka þátt í innanfélags- og landsmótum og hvetur konur til að bæta þar úr.

Keppnisferðir

Átta sinnum voru keppendur skráðir á mót erlendis, einn tók þátt

Norway Grand Prix 2009, fjórir fóru til Jetsmark á Skandinavía open og Sigurbór Jóhannesson fór á vegum landsliðs Íslands á World Cup Munich 2009. Þær Anný Björk Guðmundsdóttir og Inger Ericson héldu uppteknum hætti og tóku þátt í Ladies Grand Prix 2009 sem að þessu sinni var haldið í Upsala í Svíþjóð.

Félagatal

Þeir sem greiddu félagsgjald fyrir árið 2009 eru 76 á móti 92 árið 2008 en þar af voru 10 nýliðar sem gengu í félagið á árinu. Hvort sem það er kreppunni eða öðru um að kenna er ljóst að mikið vantar á að eldri félagar séu virkir.

Skýrsla mótanefndar

Landsmót

Samtals voru skráðir 55 þátttakendur í 10 lands- og opin mót á árinu 2009 sem er sjö færri en árið á undan. Félagið hélt eitt landsmót í apríl og SÍH open í fimmta sinn í byrjun júlí.

Innanfélagsmót

Innanfélagsmót í SKEET voru fimm þar sem samtals 46 þátttakendur voru skráðir til leiks sem eru átta fleiri en á árinu á undan. Á lokamótinu sem haldið var í ágúst varð Sigurbór Jóhannesson Skotmaður SÍH og Hákon Juhlin Þorsteinsson Skotunglingur SÍH

Skýrsla fjárhagsnefndar

- Félagið fékk að venju fastan rekstrarstyrk frá Hafnarfjarðarbæ og kennslu- og lottó styrki frá ÍSÍ.
- Haldið var áfram að bjóða keppnismönnum upp á árangurstengda styrki. Með því að ná sætum og titlum á landsmótum STÍ eiga keppendur rétt á að sækja um styrki sem félagið greiðir út til viðkomandi skotmanna í formi hringja á skotvellingum.
- Nýlunda var að félagið lagði keppnismönnum sem æfa undir leiðsögn þjálfara, til 15.000 dúfur til æfinga en á móti var dregið úr árangurstengdum styrkjum.
- Félagið fékk ferðastyrki úr Afreksmannasjóði vegna ferða erlendis og deildi þeim út með sama hætti og árangurstengdu styrkjum.
- Þessi háttur hefur vissulega komið keppnismönnum til góða þar sem samtals fengu 10 keppnismenn 1620 hringi eða 40.500 dúfur árið 2009 á móti 45.500 árið áður.

Skýrsla skemmtinefndar

Öflug skemmtinefnd var kosin á aðalfundi, allt konur og þeirra fyrsta

verk var að boða til árshátíðar þar sem stór hópur félagsmanna skemmti sér konunglega.

Veisla var haldin samkvæmt venju á SÍH open. Sú breyting var á að nú var veislan haldin á laugardegi í stað sunnudags. Þetta mæltist vel fyrir og verður gert aftur á næsta móti.

Keppnismenn SÍH héldu stjórn veglega veislu að loknu lokamóti félagsins.

Skýrsla vallarnefndar

- Haldið var áfram smíði á viðbyggingu félagsheimilisins og búið að klæða veggj að hluta, setja upp eldhúsinnréttingu og tröppur upp í gömlu bygginguna.
- Gerður var samningur við Fasteignir Hafnarfjarðar varðandi inntak á rafmagni og vatni. Vatnið er komið inn en ennþá er eftir að tengja nýja strenginn í stað bráðabirgðastrengsins.
- Viðhald á eldri byggingunni hefði mátt vera betra og er húsið að fara mjög illa af raka- og fúaskemmdum. Nú er kominn hiti í húsið sem ætti að hægja á rakaskemmdum en til stendur að gera samning við Fasteiginir Hafnarfjarðar um viðhald á komandi sumri.
- Á árinu 2009 voru skotnar 84.500 dúfur á móti 116.300 leirdúfur 2008 og 138.800 árið 2007.

Ritnefnd

Félagið hélt úti öflugum vefsetri þar sem lögð er áhersla á að hafa allar nýtanlegar upplýsingar fyrir félagsmenn aðgengilegar. Árangrar og aðrar fréttir birtar eins fljótt og mögulegt er. Einnig er þar að finna aðgang að gæðahandbók félagsins þar sem félagsmenn geta sótt upplýsingar, fengið leiðbeiningar og kynnt sér reglur félagsins. Samtals voru heimsóknir á vefsetur SÍH heldur færri en á síðasta ári ef marka má teljara eða 8.000 á móti 13.000 í fyrra.

Virðingarfyllst
fyrir hönd stjórnar SÍH

Ferdinand Hansen
formaður SÍH